



FRÓÐLEIKUR UM SÝKLA Í ÞVAGI



Aldraðir eru oft með bakteríur í þvagi án þess að af því stafi óþægindi eða skaði.



Rannsóknir hafa sýnt að allt að **50%** íbúa hjúkrunarheimila eru með bakteríur í þvagi án þess að kenna sér meins.



Þetta er kallað **einkennalaus sýklamiga** og þarf **ekki** að meðhöndla með sýklalyfjum.

Einstaklingsmiðuð nálgun

Um skeið var því haldið fram að almenn þreyta, óróleiki og óráð gætu orsakast af ógreindri blöðrubólgu.

Rannsóknir síðustu ára hafa á hinn bóginn bent til þess að ástæður slíkra einkenna eru oftast aðrar.*

**Til dæmis: Breytingar í umhverfi, versnun á undirliggjandi sjúkdómi, aðrar alvarlegri sýkingar eða aukaverkanir lyfja.*

Þvagstix → ekki án umhugsunar

Þegar aldraður einstaklingur fær almenn einkenni, er heilsufar metið heilðrænt.

Þvagstix er **ekki** mælt með að gera nema ef einkenni eru frá þvagvegum* eða alvarleg sýkingaeinkenni eru til staðar.*

**Þar má nefna: Tíðari þvaglát, kviðverkur, þvagleki og sviði við þvaglát. Ef svo er, getur í sumum tilfellum verið rétt að gera þvagrannsóknir.*

**Alvarleg sýkingaeinkenni svo sem: hár hiti, svitakóf, hraður pulsi og kuldahrollur.*

Sýklalyf ætti ekki að nota óþörfu

Sýklalyf virka ekki einungis á slæmar bakteríur, heldur einnig þá gerla sem tilheyra mikilvægri sýklaflóru okkar. Við sýklalyfja-meðferð geta óæskilegar bakteríur náð fótfestu í stað þeirrar flóru sem verndar okkur.

Sýklalyf geta haft íþyngjandi aukaverkanir s.s. niðurgang, ógleði og sveppasýkingar. Hjá eldra og lasburða fólki getur slíkt leitt til uppbörnunar og almennrar vanlíðan. Í hvert sinn sem sýklalyf eru notuð er stuðlað að vexti og dreifingu ónæmra baktería.

